

Bætum hag geðsjúkra

Í Mægunblaðinu í gær, fimmtudaginn 26. apríl, er grein eftir Eyðisi K. Sveinbjarnardóttur, þar sem hún titlar sig sem stjórnarformann Geðhjálpar. Í þeirri grein er réttléga gagnrýnd hin neikvæða fjölmiðlaumræða sem orðið hefur um málefni Geðhjálpar. Hún segir jafnframt að Geðhjálpi sé sjúklingafélag, ekki starfsmannafélag. Eyðis gagnrýni þar að undirritaður skuli bjóða sig fram til formennsku Geðhjálpar þar sem hann er fagmannur, launaður geðlæknir, og geti ekki setið báðum megin borðsins.

Ábyrgð stjórnar Geðhjálpar

Því er til að svara að hin neikvæða umræða um Geðhjálpi að undanförmu í fjölmiðlum er fyrst og fremst runnin undan rótum stjórnar Geðhjálpar, frá formanni sjálfum, Eyðisi K. Sveinbjarnardóttur og framkvæmdastjóra félagsins, Sveini Magnússyni. Stuðningsþjónusta Geðhjálpar er alfarið á ábyrgð stjórnar Geðhjálpar og framkvæmdastjóra. Þegar hún var sett á laggirnar 1994 laut hún eftirliti og stjórn svonefnds samstarfsþóps en við síðustu endurnýjun samnings um stuðningsþjónustuna við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, félagsmálaráðuneyti og Félagsþjónustuna í Reykjavík í ársbyrjan 1999 fór stuðningsþjónustan beint undir stjórn Geðhjálpar og stjórn framkvæmdastjóra og frá þeim tíma hefur enginn samstarfsþópur verið starfandi.

Það húsnæði sem Geðhjálpi hefur haft fyrir skjólstaðinga, sem mest er gagnrýnt nú, hefur verið í notkun í mörg ár. Það var tekið í notkun með vitund og vilja stjórnar Geðhjálpar á sínum tíma. Núverandi stjórn Geðhjálpar og framkvæmdastjóri hafa hins vegar ekkert gert í því á síðustu misserum að lagfæra þar ástandið. Að framkvæmd stuðningsþjónustunnar hafi ekki verið með eðlilegum hætti á síðustu misserum er algerlega á ábyrgð stjórnar Geðhjálpar og framkvæmdastjóra. Stjórnin og framkvæmdastjóri hafa ekki sinnt skyldu sinni þar. Allt frá því að Eyðis og félagar í stjórninni ráku fyrirverandi framkvæmdastjóra félagsins á síðasta ári hefur ríkt ófremdarástand hjá Geðhjálpi og stuðningsþjónustan hefur ekki notið þess styrks sem hún þarfnadist hjá stjórninni. Ítarleg úttekt var gerð á starfsemi Stuðningsþjónustunnar í ágúst 1999 af dr. Sigurlínu K. Davíðsdóttur og þá var framkvæmd stuðningsþjónustunnar í góðu lagi og skýrsla hennar jákvæð í alla staði varðandi starfsemina. Það að ekki hafa verið gerðar úrbætur hvað húsnæði varðar, það að ekki hafa verið ráðnir fagaðilar til að veita stuðningsþjónustunni forystu eða starfa hjá henni er alfarið á ábyrgð stjórnar Geðhjálpar og framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórnin hefur endurtekið í fjölmiðlum gert þessa starfsemi tortryggilega og látið að því liggja að dauðsföll hafi orðið vegna vanrækslu starfsfólks. Þetta eru alvarlegar og ljótar ásakanir, meðandi bæði fyrir starfsmenn og eins aðstandendur þeirra látnu. Vitað er að andlát þau sem hér um ræðir tengdust á engan hátt nokkurri vanrækslu hjá stuðningsþjónustu Geðhjálpar.

Báðum megin borðsins

Það er ankannalegt að sjá það í bládagrein hjá Eyðisi K. Sveinbjarnardóttur, æðsta stjórnanda geðsjúkrunar á Íslandi, sviðsstjóra geðsjúkrunar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi að það sé neikvætt fyrir félag eins og Geðhjálpi að fá til forystu fagmann, þ.e. geðlækni. Sjálf hefur hún setið í stjórn árum saman og nú upp á síðkastið sem



Kristófer Þorleifsson

formaður, áður varaformaður, þó svo hún væri á sama tíma framkvæmdastjóri hjúkrunar á Barna- og unglingageðdeild og síðar sviðsstjóri hjúkrunar á geðsviði. Henni hefur greinilega ekki fundist hún sitja báðum megin borðs. Forveri hennar, Pétur Hauksson, geðlæknir sat sem formaður í mörg ár og var farsæll í starfi og ekki komu fram neinar kvartanir um að hann sæti báðum megin

borðsins. Og undan honum sat sálfræðingur sem formaður Geðhjálpar. Þannig hafa fagaðilar í langan tíma veitt Geðhjálpi forystu. Því miður hefur núverandi stjórn og framkvæmdastjóri ekki haft skilning á starfi þjónustu sem Geðhjálpi er að veita veikasta fólki. Þeir hafa ýtt þeirri þjónustu til hliðar og gert hana tortryggilega í augum fólks. En þeir mörgu aðilar sem nota þjónustu stuðningsþjónustu Geðhjálpar eru margir hverjir alvarlega veikir og ef ekki væri stuðningsþjónustar þyrftu þeir að dveljast innlokaðir á sjúkra-deildum og eða væru í reiðleysi og húsnæðisleysi á götunni. Með stofnun stuðningsþjónustunnar var gert átak í þjónustu við þá sem alvarlegast eru veikir og með göðum árangri.

Lokaorð

Þó að Geðræktarverkefnið hafi tímabundið verið fært frá Geðhjálpi er ljóst að þeir aðilar sem njóta nú þjónustu stuðningsþjónustu Geð-

Geðheilbrigði

Sérstök nauðsyn er að byggja upp þjónustuna á ný, segir Kristófer Þorleifsson, eins vel og hægt er því þeir sem njóta þjónustunnar í dag eiga ekki í önnur hús að venda.

hjálp þarfnast mikillar þjónustu áfram. Ekki er hægt að ýta þeim frá því þá biður þeirra aðeins gatan eða innlög á lokaðar sjúkraeildir. Gleymum því ekki að margir þeirra sem njóta stuðningsþjónustu Geðhjálpar í dag áttu áður fyrir hvergi höfði að halla og voru í miklu húsnæðisræki og oft á götunni.

Undirritaður hvetur félagsmenn í Geðhjálpi til að mæta á aðalfundinn til að styrkja stöðu félagsins með því að kjósa undirritaðan sem formann svo halds megi áfram uppbyggingu og góðu starfi hjá Geðhjálpi. Hér er átt við kröftugt félagsstarf, hagsmunagæslu, stuðningsþjónustu félagsins og geðræktarstarf til hagsbóta fyrir landsmenn alla. Mikilvægt er að halda uppi öflugri starfsemi og sérstök nauðsyn að byggja upp þjónustuna á ný eins vel og hægt er því þeir sem njóta þjónustunnar í dag eiga ekki í önnur hús að venda.

Höfundur er geðlæknir og í framboði til formanns Geðhjálpar.